

**Stofnkostnaður safna**  
**02 968**

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun ráðuneytisstjóra .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Stofnkostnaður safna**

**Umsjón Mennta- og menningarmálaráðuneytið**

**Sölvhólsögötu 4, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun ráðuneytisstjóra

Stofnkostnaður safna er ríkisaðili í A-hluta í umsjón Mennta- og menningarmálaráðuneytisins

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 18 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 256,6 milljónir og afkoma kr. 149,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 205,4 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 490,3 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Stofnkostnaðar safna í samræmi við lög um opinber fjármál.

Ráðuneytisstjóri staðfestir hér með ársreikning Stofnkostnaðar safna fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Páll Magnússon  
Ráðuneytisstjóri

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	<u>256.600.000</u>	<u>294.700.000</u>
<b>Tekjur samtals</b>		256.600.000	294.700.000
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....	3	<u>107.500.000</u>	<u>244.200.000</u>
<b>Gjöld samtals</b>		107.500.000	244.200.000
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>149.100.000</u></u>	<u><u>50.500.000</u></u>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	0	0
Rekstrartilfærslur .....		0	(14.200.000)
Fjármagnstilfærslur .....		<u>149.100.000</u>	<u>64.700.000</u>
		<u><u>149.100.000</u></u>	<u><u>50.500.000</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	4	<u>490.348.191</u>	<u>293.648.191</u>
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>490.348.191</u>	<u>293.648.191</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>490.348.191</u></u>	<u><u>293.648.191</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	5		
Hrein eign .....		<u>205.400.000</u>	<u>56.300.000</u>
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>205.400.000</u>	<u>56.300.000</u>
<b>Skuldir</b>			
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	6	<u>284.948.191</u>	<u>237.348.191</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>284.948.191</u>	<u>237.348.191</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>490.348.191</u></u>	<u><u>293.648.191</u></u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	7		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		149.100.000	50.500.000
		<u>149.100.000</u>	<u>50.500.000</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>149.100.000</u>	<u>50.500.000</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		(196.700.000)	(99.400.000)
Fjárfestingarframlag .....		47.600.000	48.900.000
		<u>(149.100.000)</u>	<u>(50.500.000)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		0	0
Handbært fé í byrjun árs .....		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	256.600.000	294.700.000
	<u>256.600.000</u>	<u>294.700.000</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum .....	0	0	256.600.000	256.600.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>256.600.000</b>	<b>256.600.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi .....	0	0	(107.500.000)	(107.500.000)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>149.100.000</b>	<b>149.100.000</b>

### 3 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir .....		0	14.200.000
Fjármagnstilfærslur til ríkisaðila í A-hluta .....		107.500.000	230.000.000
Fjármagnstilfærslur aðrir .....		0	0
		<u>107.500.000</u>	<u>244.200.000</u>

### 4 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	490.348.191	293.648.191
	<u>490.348.191</u>	<u>293.648.191</u>

### 5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	56.300.000	5.800.000
Afkoma ársins .....	149.100.000	50.500.000
Jöfnuður 31.12. ....	<u>205.400.000</u>	<u>56.300.000</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.



## Skýringar

### 6 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	284.948.191	237.348.191
	<u>284.948.191</u>	<u>237.348.191</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	0	237.348.191	237.348.191
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	47.600.000	47.600.000
	<u>0</u>	<u>284.948.191</u>	<u>284.948.191</u>

### 7 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn er ekki með neina skuldbindandi samninga.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

#### Óafturkallanleg loforð

Á ekki við

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Á ekki við